

**Sp.**

**117. Beiðni um skýrslu**

**[107. mál]**

frá utanríkisráðherra um töf á brottför sovéska utanríkisráðherrans frá Keflavíkurflugvelli 30. október s. l.

Frá Kristófer Má Kristinssyni, Stefáni Benediktssyni, Guðrúnu Helgadóttur, Kolbrúnu Jónsdóttur, Ólafi P. Þórðarsyni, Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, Helga Seljan, Hjörleifi Guttormssyni og Jóni Baldvini Hannibalssyni.

Með vísan til 30. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að utanríkisráðherra flytji Alþingi skýrslu um ástæður þess atviks sem olli töfum á brottför utanríkisráðherra Sovétríkjanna frá Keflavíkurflugvelli þann 30. okt. s.l.

Nauðsynlegt er að fram komi í skýrslunni vitnisburður þeirra er vottar urðu að atburði þessum svo að ljóst verði hvort sú truflun, sem töfunum olli, var af ásetningi eða ekki.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Alþingi, 5. nóvember 1985.

Kristófer Már Kristinsson.  
Kolbrún Jónsdóttir.  
Helgi Seljan.

Stefán Benediktsson.  
Ólafur P. Þórðarson.  
Hjörleifur Guttormsson.

Guðrún Helgadóttir.  
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.  
Jón Baldvin Hannibalsson.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.